Sveitarblað þett-
a kemur út sam-
an hvern Laug-
ardag; ekki minna
en sex þéttskrif-
ið sarki í einu

Uppsögn skrif-
bundin við ann-
ar mál. Ógild nema
a komin sé
til ritnefnd-
ar fyrir 25. April

# Fjallfari

| 2. Árg. | 1. Kefli | 3. Blað | № 3. |
|---|---|---|---|

Vedramót 7. Desember 1901

## Ritnefnd:

Björn Jónsson
H.M. Björnsson
Sigurður Björnsson

# Fáein orð til Friðþjófs

Það virðist svo sem lesendum Fjall-
fara, þykji greinar mínar nokkuð at-
hugaverðar, það eð þær fáu greinar er
ég hefi sett í blaðið, hafa optar enn ein-
sinni og optar en tvisvar, fengið meiri
og minni athugasemdir og mótsagnir
og það af sumum helstu meðlimum
Fjallfara, en slíkt ætti nú seyndar ekki
að gjöra mér svo mikið til, allrasíst ef
það heftu aldrei verið á meiri rökum
byggðar en athugasemd sú er hinn svo
nefndi „Friðþjófur“ lét frá sér fara og birtist
í síðasta tölublaði Fjallfara, móti grein
minni „um hrossakjötsát“.
Þar sem þessi fyrrnefndi Friðþjófur byrjar
á því að segjast aldrei hafa fundið
hrossakjötslykt af Fjallfara fyr. Þá þykir

með hann vera að í þessu, eða um
öðrum að orðum lyktarsinnu það sem
hann þykist finna útlenda hrossa
kjötslykt af Tjallfara. Skil eg heldur ekk-
ert í að slíkt hafi getað átt sér stað
þar eð Tjallfari hafi ekki svo eg viti
farið neitt til annara landa, svo að
hann með aftur komu sinni þaðan
hefði getað flutt útlenda hrossakjötslykt
að nösum höfunda þessarar athugasemd-
ar. Það hlýtur því að standa einhvernveginn
öðruvísi á þessum hrossakjötsilm
heldur en að Tjallfari hafi flutt hann
með sér.

Síðan lætur Friðþjófur þess getið að
sér þyki höfundur hrossakjötsgreinarinn-
ar ætla að færast heldur mikið í fang, hann
hugsi sér að koma Íslendingum til að
„éta alla rýra og ólíta úr hrossum sínum
Annaðhvort er það að höfunda misskilur
algerlega þann part greinar minnar sem



minnst er á „kynbæturnar" í, eða hann viljandi
rangfærir orð mín ef til vill til að gefa at-
hugasemd sinni einhvern skáldlegan kraft,
það mesta sem eg segi í grein minni
þessu viðvíkjandi er „að almennt hrossa
kjötsát geti jafnvel stutt að kynbótunum
því að þeir sem slátra tryppum hyllist
fremur til þess að láta þau verða fyrir
því, sem illa eru lit og ganga því lágt
á mörkuðum, eða sem þau af slæmu
kyni, rýr, og kostalaus"; en vera má að
Friðþjófur hafi í þessu tilliti gagnstæða skoð-
un við alla aðra, og álíti að eftir því sem hross-
ið hafi meiri kosti til reiðar, áburðar, eða
göngu, eftir því minni það og betra til
frálags, og væri honum þannig varið þá
undrar mig ekki þó hann sé ekki „sam-
dóma mér í þessu máli. — Annars finnst
mér framburður Friðþjófs hinum þess-
um viðvíkjandi hafi við mjög lítil
rök að styðjast.

Í öðrum stað segir Friðþjófur að hann áliti að eg hefði ekki þurft að setja í grein mína niðurlagsorðin, (sem hann svo kallar) þar sem eg segist óska þess að þeir sem enn ekki borði hrossakjöt, nú sé þá gamalli heimsku og borði hrossakjöt með góðri lyst. — Það er nú auðvitað ekki sem vitlausast hjá höfundi, að eg hefði ekki þurft að setja þessi áðurnefndu orð en þó hefir hann ekki ekki fært neinar sannanir þeim til ógildis, og að minnsta kosti á meðan standa þau óhrakin þar sem mér þóknaðist að setja þau í fyrra.

Hinn heiðraði höfundur þykist færa mér sem gleðiboðskap hrossakjötsátsins þau gleðitíðindi, að allir þeir sem sveita blóðið geta náð til, til að flytja þetta heiðraði mitt borði hrossakjöt. Það er að vísu satt, að það mætti gleðitíðindi kallast bæði fyrir mig og aðra



sem vit hefðu á að meta það, að heyra og vita sem flesta borða hestakjöt, og ef að þeim manni, sem þessa svonefndu gleðifregn færði mér hefði verið trúandi til að vita rétt og segja satt, þá hefði það eflaust glatt mig stórlega að fá að vita að nábúar mínir væru ekki svo skyni skroppnir að þeir kynnu ekki að hagnýta sér það mikla gagn sem hafa má af frálagi hrossa ef rétt er á haldið.

Eg læt svo hér staðar numið, og útlalað um þetta mál, og bið Þjóðfara fyrir línur þessar, svo að hinum fránefnda greinarhöfundi gefist kostur á að heyra álit mitt um athugasemd hans, viðvíkjandi grein minni. og til að vita hvort engum tekst af nýju að snúa út úr orðum mínum því slíkt er bæði auðvelt og alvanalegt.

Sigurður Bjarnason

# Hjúin

Það munu flestir segja, sem átt hafa við búskap og haldið hjú um lengri eða skemmri tíma að ekki síður í þeirri stétt en flestum öðrum, megi finna menn heldur fleiri en færri, sem ekki uppfylla skyldur sínar svo sem vera ber, það er að vísu ekki nema eðlilegt að menn í þessari stétt, sem öllum öðrum reynist misjafnir, en því hefi eg orðið og þessvegna rita eg línur þessar um hjú eða vinnufólk yfir höfuð að eg álít eptir minni litlu þekkingu að menn í hjúastéttinni séu yfirleitt svo fjærri því að uppfylla skyldur sínar svo sem vera ber, þó eg hljóti að viðurkenna fjölda margar undantekningar sem til í þessu tilliti. — Þó eg sé ekki gamall, né reyndur, hvorki í því né öðru þá leyfi eg



mér að segja að mér er fullkomlega ljósar skyldur hjúanna við húsbændurna að þau eiga fyrst og fremst að elska og virða húsbændur sína. Strax í þessu atriði leyfi eg mér að segja að færri hjú uppfylli skyldu sína, og að því er þetta atriði snertir verður líka að geta þess að margir húsbændur breyta ekki þannig við hjúin að þau geti fullnægt þessari skyldu svo þar er þeim opt mikil málsbót.

Hjúin eru einnig skyld að að þjóna húsbændum sínum af trú og dyggð, gegn hinu sama kaupi hvort það er hátt eða lágt, og láta sér sem annast um allt það sem getur verið heimilinu til gagns, en hversu mikil misbrestur er á þessu af hjúanna hendi? – Eptir því sem maður fær meiri reynslu þá sér maður að ekki eru þau öll sem hörundssárast fyrir velferð húsbændanna í efnalegu tilliti, eða ekki svo sem þau geta og eiga að vera. Mörg hjú hugsa og meina um það að fá sitt umsamda

kaup útborgað að fullu, þó þau
þurfi eftir vild að þau vinni alls
ekki fyrir því, vinni verk sín með
hangandi hendi, og standi mikið á sama
um hvort það komi að notum eða
ekki. Eg hefi meira að segja heyrt menn
segja sem hafa verið við verk er þeim
hefir verið ógeðfeld„ Eg held að við þurfum ekki
að vera að streytast við að gjöra þetta vel
hvað gjörir það okkur til hvernig það er
gjört, við eigum ekki að njóta þess." Sem
hugsandi hjú er ómögulegt að kalla trú
og dygg, eða áhugasöm um gagn hús bónd-
ans í öllum greinum, en sem betur
fer eru ekki öll hjú svona eða þessu
lík. en því miður er að mínu áliti
kærleysi og léttúð, hugsunarleysi og jafn-
vel ómennska í vinnuhjúastéttinni
heldur að fara vaxandi, og sé slíkt rétt
athugað hjá mér, þá hefir hækkun kaup-
gjaldsins, meiri alþýðumenntunin en
áður var, og fl. ekki þær afleiðingar



sem vera ber, og er það illa farið.

Enda og svo línur þessar, sem eg
gæti vel ímyndað mér að einhverjir yrðu
til að mótmæla, einkum ef margir heyrðu
og færi þá betur að ekki sannaðist á nein-
um að „sannleikanum verður hver sár-
reiðastur."

Atli.

## Þrá

1. Kominn er vetur með kuldarómum
kólga, frost og hríð,
nú fölnuð eru fríðu blómin
og farin sumartíð.
Og allt í dróma er á jörð
því úti bylja hretin hörð

2. Á ströndinni lítill stendur kofi
þeim stóra ægi hjá
og illa er inni því auma hrófi

að eyða dögum; þá
kuldinn næðir um kofann þann
og kolsvart myrkið ei hita kann

3. Kveldið þetta var kofinn auður
og hvergi mann að sjá
húsbóndinn sem var í huga ótrautur
hafði nú róið á sjá;
hann ei var kominn enn í land
en alltaf lamdi bára sand.

4. Og þar við kalda kofahurðu
sig kúrir stúlkubarn,
á hafið stara hún horfir með furðu
og heimsins eyðihjarn
Hún þráði föður sinn að sjá
hann sjórinn var ei kominn þá

5 Sá eini vinur er átti hún til
nú eflaust dáinn var,
því ekkert sást fyrir öskubil
hvað úti gjörðist á mar.
Og brjóstið gekk af ekka ótt
það enginn sá um dimma nótt



6. Hún gekk niðað sjónum og gáði að
hvort gæti hún til hans séð
hún litaðist um og þar sá það
sem þvingar döpurt geð:
þar lá í fjöru líkið hans
sem lengi hún hafði þráð til lands

7. Hún starði lengi sem steini lostin
á stirðnað föðurs lík,
andlitið bleikt og augun brostin
ofboðsleg sjón var slík.
Hún féll þar niður og lét sitt líf
og löng þar endti mæða og kíf.

Guðrún Björnsdóttir

Það verður fróðlegt að vita hverjum
nú verður eignað það sem kemur und-
ir mínu nafni í Fjallkona. Það ræður
að líkum, að þeir sem ekki svífast
að drótta því að öðrum að þeir steli
bæði bundnu og óbundnu máli frá
öðrum, og setja sitt nafni undir

þeir mundu sjálfir ekki hika við að gjöra slíkt hið sama, ef svo bæri undir.

Eg ætla mér ekki að fjölyrða um þetta því mér finnst það ekki þess vert, en að endingu vil eg biðja þann góða herra sem þetta hefir sagt, svo vel gjöra og færa rök og sannanir fyrir sínu máli. — Það er líklegt, að hann gjöri sjálfum sér það eigi til minnkunar að geta ekki staðið við það sem hann hefir talað.

G. B.

---

# Skógræktun

Eitt af hinu mikla og margvíslega ágæti er vorar fagur fornsögur veita oss samtíðarmönnunum, ef vér kynnum eptir því rétt að hagnýta



er hinn ýmsi og oss mikilsvarðandi fróðleikur, um forna aldarhátt, og forna siðu, lyndiseinkunnir og lifnaðarhætti forfeðra vorra, sem oss getur verið ekki einungis tölverður fróðleikur í að vita, heldur og gagn ef rétt er á haldið. Eg efast ekki um að allir sannir Íslendingar, og afkomendur hinna fornfrægu hetja vilji líkjast þeim í öllu því er þeim má til ágætis teljast, en sem eðlilegt er voru þeir ekki, fremur öðrum mönnum algjörir um nokkurn hlut, heldur ýmsum breyskleikum og heimsku háðir. Mun einnig óhætt að fullyrða að slíkt muni afkomendur þeirra ekki öll fram af öld, ala vilja og viðhalda heldur þvert á móti láta úreldast, eðlisfari hins unga kynþáttar ef mögulegt væri. — Á þennan hátt og með þessu móti er oss gagnlegt að hafa kynni af hinum forna tímum.

En um leið og sögurnar veita oss þekking á ýmsum þálifandi mönnum, þá gjöra þær einnig annað sem er ef til vill alls eins þýðingarmikið fyrir oss að vita, þær veita oss þekkingu á landinu sjálfu eins og það var þá, frá landskostunum þess, gróðursmagni o. fl. Þær sýna oss hvernig mannleg vanþekking, kæruleysi heipt og hefndargirni beitti sér opt í gagnstæða átt, og hvernig hin spillandi áhrif þess og verkanir, opt komu niður á landinu sjálfu, og í sambandi með óblíðu náttúrunnar á löngu tímabili urðu því til ógagns og eyðingar. Einmitt vegna þessarar ástæðu er það, að vér sjáum nú ekki gróðrarríki landsins í sama ástandi og áður var það. Það sem vér einkum hljótum að sakna xx í þessu tilliti, eru auðvitað skógarnir sem um er getið að þá hafi



staðið í svo miklum blóma, en sem nú sjást einungis mjög litlar menjar af, en þær litlu menjar sem eptir eru bera þó vott um töluvert, stórvaxin og ásjálegan skógargróður áður, þar sem, en með hirðingarleysi og engri aðhlynningu er þó hægt að finna allt að 30 feta há tré. — Fyrst nú í þetta óefni er komið, þá get ég fyrir mitt leyti ekki annað en glaðst af því að fá að vita af sögunum í hverju orsakirnar hafa rót sína, því þó að sögur vorar sýni í því auðsæjalegt kæruleysi forfeðranna í meðhöndlun landsins, þá eru þær um leið vottur þess að landinu sjálfu er ekki um að kenna sviftingu þess á hinum fagra skrúða, og það sem oss ætti að þykja vænst um er það að en getur það borið hann, engu síður en í fyrri daga, ef núlifandi menn einungis vilja bæta því hina ósæmilegu

og hrottalegu meðferð fornmannanna
með því að styðja nú að viðreisn þess
í þessu efni eins vel og öfluglega eins og
þeir áður stuðluðu að eyðingu þess. Og það
er gleðilegt að einmitt nú er þessi
hugsun farin að ryðja sér til rúms hjá
landsmönnum og ljósust sönnun þess
er að þingmenn vorir sem með réttu
má kalla rödd þjóðarinnar veittu á síðasta
þingi 11000 krónur af almannafé um
næstu 2 ár til skógræktunartilrauna
og fyrir nokkrum (2 árum) búið að fá útlendan skóg-
fræðing forstkandidat Flensborg að nafni
til að kynna sér og með tilraunum rannsaka
hvar helst á landinu fullnægjandi skilyrði
findust til skóggræðslu. Hefir hann ferð-
ast um landið og gjört tilraunir á ýms-
um stöðum. Á Þingvöllum til dæmis bætti
(hann) sáði til og gróðursetti trjáplöntur svo þús-
undum skipti, og eins árs árangurinn
af því telur hann mikið meiri en hann



hefði gjört sér von um; einnig gjörði
hann tilraunir á Norðurlandi og þar
miklu meiri, því á Grund í Eyjafirði gróð-
ursetti hann (í vor) um 5000 trjáplöntur, og á Hálsi
í Fnjóskárdal um 15000. Mörgum mun ofbjóða
þessi mergð, en slíkt er skiljanlegt að sé
nauðsynlegt, þegar um tilraunir til þess
hverjar tegundir þrífast best, er að ræða. Hefir
hann og látið ánægju sína í ljósi yfir að
harðfurnar séu hinar beztu, einkum að
því er vissar tegundir snertir til að reyni-
viðinn, og býst hann þó við enn betri ár-
angri af starfi sínu þegar frá líður og
plönturnar fara að verða loftvanar.
Telur hann og Norðurland víða eink-
ar vel fallið til skógræktunar og að hér
séu víða fleiri skilyrði er til hennar út-
heimtast, heldur en á Suðurlandi og hafa
þessir haldið það áður, en slíkt er gleðitíð-
indi fyrir oss Norðlendinga.

Margir munu spyrja á þá leið hvaða
gagn menn hefðu af þó hægt yrði að rækta

einstöku skóghríslu á stangli. Til þess
mætti mörgu svara ef næg þekking, tími
og tæki þar leyfði. Eg vil einungis geta þess
að eg álít okkur Íslend. yfir leitt, þá smekk-
menn svo og tilfinningaríka fyrir eiginlegri
náttúrufegurð, að skóggræðsla hlyti að veita oss
sannarlegan unað og skemmtun, ásamt
því sem hún myndi gjöra landið um svipmeira, feg-
urra eftirtektarverðara og byggilegra. Enn-
fremur mælir allt með því, að sé hægt að
rækta einstöku skógarhríslu, þá sé allt að
einu hægt að rækta skóg í stærri stýl og
þá er gagnið bæði stöðugt vaxandi og mik-
ið, ef rétt er með farið, bæði til eldiviðar og jafn-
vel smíða en einnig og ekki síst til skjóls
plöntum og dýrum. Maður sem ekki hefir séð
nema einungis eina eða tvær 8-10 feta skógar-
hríslur allaufgaðar getur vel ímyndað sér
hve mikla þýðingu skógur veitir.

Æskandi væri að héðan af héldist áfram
að glæðast sá nývaknaði áhugi manna,
að því er mál þetta snertir, og sem



flestir vildu sem fyrst fara að gjöra
tilraunir í þessa átt, með því að gróður-
setja einstöku trjáplöntur, sem auðvelt
er að veita sér úr því sem að komið er, og
með þeirri einlægri ósk og von enda eg
línur þessar.

L. D.

## Það er af sem áður var

Einsog flestum mun kunnugt
var það siður hinna fornu Íslend-
inga lengi fram eftir öldum að
synir heldri manna fóru þegar á ung-
a aldri til annara landa til að leita
sér fjár og frama, eða með öðrum orð-
um að freista hamingjunnar. Gjörðu
þeir það á nokkuð mismunandi hátt.
Sumir leituðu á fund konunga, og
jarla eða annara erlendra stórhöfð-
ingja og gengu á mála hjá þeim, og
gjörðust margir af Íslendingum þeim
mjög handgengnir, og þáðu af þeim

sæmd mikla og virðingar. Því margir
þeirra þóttu af öðrum hirðmönnum
bera, bæði í orustum þá er verja þá
~~er verja~~ þurfti eignir sínar, fjár og frelsi,
og sömuleiðis þá er menn voru að
leikum, má þar til nefna til dæmis Kjart-
an Ólafsson, Finnboga ramma o. fl.
sem þóttu svo mikið afbragð annara
manna að því er snerti hugrekki, hreyst,
snarræði og vopnfimi. Sumir af mönn-
um þessum fengu orlof hjá konung-
um að fara í víking á sumrin. Það
er þeir fengu sér skip eitt eður fleiri, vel
búin að hraustum mönnum og vopnuð
vel. Heldu þessir smá sækonungar, líti
sinn meðfram ströndum megin-
landa, og lögðu til orustu við útlenda
víkinga, þá er fundum þeirra bar
saman, og ber það meðal annars vott
um hreysti og harðfengi þessara ungu
íslenzku kappa að þeir báru oftast hærra
hlut í slíkum viðskiptum, þótt liðs-



munur væri allmikill og þeir ættu við al-
vana orustu-menn, sem aldrei höfðu
fyr orðið að reyna það hverflindi haming-
junnar að bíða ósigur, fyrir óvinum sín-
um. — Á þessum ferðalögum hafa hinir
ungu Íslendinga numið tvennt aðal-
lega. Í fyrsta lagi það að græða fé og auka
frægð sína, eigi að eins meðal landa sinna
heldur og meðal útlendra þjóða, og í öðru
lagi það að þeir hafa kynnst háttum og sið-
um annara þjóða og lært af þeim margt
er þeim mátti að gagni verða, þá er þeir
komu til ættjarða sinnar, til að staðfesta
ráð sitt og verða sjálfstæðir menn, eða
jafnvel héraðshöfðingja eða stórbænda
og öðrum til fyrirmynda, og naut alþýða sann-
ig góðs af því er þessir höfðingja höfðu
numið af útlendingum. Sem sagt:
þessar utanfarir hafa eigi aðeins eflt efna-
hag landsmanna, heldur einnig eflt á-
huga og framtaksemi hinna leiðandi
manna,

og þjóðarinnar í heild sinni á framför-
um allra menninga, hinnar frjálslyndu
stórhuga íslenzku þjóðar, um leið og þá
hafa eftir menntalíf og drengskap er þjóð-
hinna stórhöfðu íslenzku hetja varu svo
[illegible] fyrir.

Hvað er nú orðið af öllum þess-
um áhuga, þrógi og framtakssemi Íslend-
inga? Hví sigla hinir ungu og efnilegu
synir Fjallkonunnar nú ekki út yfir
pollinn til að leita sér fjár og frama sem
forfeður þeirra, eða eru nú ekki lengur til
íslenzkir drengir með hug og dug, fjöri
og framfaraláungun, sem heldur vilja
teljast meðal siðaðra þjóða heldur en að
vera settir á bekk, með hálf- eða alviltum
barbariskum þjóðum. Mér finnst sem
við megum fyrirverða oss, er við berum oss
saman við hina fræknu forfeður vora, því
við þolum ekki lengur þann samanburð.
Sumir munu segja að við séum nú ekki



búnir að velta af oss hinu þunga ánauðar oki
sem á miðöldunum lagðist eins og farg á
þjóðina, samfara harðindum og drepsóttum.
Þjóðin hefir enn ekki áttað sig á hinni nýju
frelsisöld, sem nú er óðum að færast yfir
hana. Er ekki mál að hrista af sér ófrelsis-
hlekkina, og rísa af hinum draumakenda dotta
sem þjóðin hefir svo lengi legið í, og fara að reyn-
ast menn í hinum menntaða heimi; reyna
að halda í hinnáttina á eftir hinum mennt-
uðu þjóðum á vegi framfara og menningar.
Mundum við ekki enn getað aflað oss fjár og
frama, með því að kynnast háttum hinna
siðuðu þjóða, sem stíga risafetum áfram á
framfara- og menningarbrautinni? Því við get-
um eigum og þurfum að læra margt af ná-
granna þjóðunum vorum, sem eru komn-
ar svo langtum lengra bæði í bóklegum og verk-
legum vísindum, og það getum við bezt með
því að dvelja ~~tíga~~ nokkurn tíma meðal þeirra, og sjá með
eigin augum framfarir þeirra í öllum greinum
á þann hátt mundum við geta numið

margt, það er oss mætti að mjög miklu gagni
verða, og ef til vill aflað sér meiri þekkingar en
hægt er að veita sér hér á jafnlaungum tíma.
Það er nú mín skoðun að hið bezta sem ís-
lenzku bændaefnin gætu gjört, væri að dvelja-
2 ár á hinum góðu fyrirmyndarbúum í Dan-
mörku, ferðast einnig um landið og kynna sér
búnaðarháttu hinna praktisku nágranna-
vorra Dana, sem án efa eru komnir lengst
af öllum þjóðum að því er búnað snertir. Jafn-
vel væri ekkert á móti, að slíkir menn væri
styrktir af landsfé, þar sem mörgum mundi
og mun nú þegar hamla peningaleysi. Eru ekki
árlega veittar fleiri þúsunda króna til ýmislegs sem
er miklu ónauðsynlegra en þetta, því þeir sem
vel notuðu tímann mundu að mínu áliti taka
langt fram búfræðingum af skólum vorum.
Með þannig lagaðri þekkingu mundum vér tví-
efað finna að betur til þess hversu mjög vér er-
um á eptir nágrannaþjóðunum, og þá mundi
jafnframt vakna brennandi áhugi á því að
koma íslenzku þjóðinni upp, svo hún geti
talist meðal mennta- og framfaraþjóðanna
á þessari nýbyrjuðu öld.

St. Bj.

